

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags leikskólakennara**

Fundurinn, fjarfundur í Teams, var haldin Þriðjudaginn 24. september 2020 og hófst hann kl. 11:30.

Á fundinum voru: Haraldur F. Gíslason, fyrir hönd Félags leikskólakennara. Fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Undirbúningstími sérgreinastjóra og verkefnastjóra í kjarasamningi FL.

Í kjarasamningi aðila sem undirritaður var 10. júlí 2020 láðist að ganga frá samkomulagi um undirbúningstíma þeirra starfsmanna sem raðast í starfsheiti Verkefnastjóra og Sérgreinastjóra.

Niðurstaða:

Undirbúningstími Sérgreinastjóra með leyfisbréf leikskólakennara/Kennara skal skv. gr. 2.7.1 vera að lágmarki 10 klst á viku frá og með 1. október 2020.

Undirbúningstími Verkefnastjóra með leyfisbréf leikskólakennara/Kennara skv. gr. 2.7.1 skal vera að lágmarki 10 klst á viku frá og með 1. október 2020.

Undirbúningstími háskólamenntaðra sérgreinastjóra og verkefnastjóra, sem eru með aðra uppeldisfræðimenntun en kennarar og Háskólamenntaðir starfsmenn sem eru ekki með uppeldisfræðimenntun, skal skv. gr. 2.7.1 vera að lágmarki 5 klst á viku frá og með 1. október 2020.

2. Vinnuskýrsluform vegna undirbúningstíma

Samkvæmt kjarasamningi eiga nú leikskólastjóri og starfsmaður að skipuleggja fyrirkomulag undirbúningstíma að hausti með gerð vinnuskýrslu og tekur það fyrirkomulag gildi frá og með 1. október 2020.

Samningsaðilar hafa í sameiningu útbúið sérstakt vinnuskýrsluform og kynningarefni sem auðveldar utanumhald og skipulag. Formið ásamt kynningarefni verður sent sveitarfélögum, stjórnendum í leikskóla og félagsmönnum FL.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 12:00.